

Heiti áfanga: ENSK3DG05

Titill : Graphic Novels

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi á þriðja þrepi

Undanfarar: ENSK3CC/CH05

Stutt lýsing á áfanganum: Í þessum áfanga er farið yfir sögu og helstu hugtök enskra myndasagna og nemendur fá að kynnast lykilhöfundum og lykilverkum myndasagnaheimsins. Mikil áhersla er lögð á að nemendur lesi og kynnist margskonar tegundum af myndasögum, s.s. ofurhetjusögum, ævisögum, hryllingssögum og skopmyndum. Nemendur læra að rýna í texta og myndir og skynja tengslin þar á milli. Einnig er mikil áhersla á sköpun og nemendur fá tækifæri til að búa til eigin myndasögupersónur og myndasögur.

Nokkur lykilhugtök áfangans: myndasögur, myndlæsi, sköpun, helstu hugtök bókmennta/myndasagnaumræðu, munnleg tjáning, ritun

Námsmat: Símatáfangi sem byggður er á skapandi verkefnum, smáprófum, ritun, texta- og myndgreiningu, ástundun og ferilmöppu